

186. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 7. apríl 2004 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Eyþór Benediktsson, EB
Elísabet L. Björgvinsdóttir, ELB
Hilmar Hallvarðsson, HH
Davið Sveinsson, DS
Guðmundur Kristinsson, GK
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri ÓJG
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerð bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 371, dags. 25.3.2004.

Fundargerðin er í 16 tölusetnum liðum.

Liður 7 er varðar gjaldskrártillögu fyrir byggingarfulltrúaembættið, Gjaldskrá er samþykkt samhljóða og er eftirfarandi:

Fastagjald	3000 kr.
Byggingarleyfisgjald	35 kr/m
Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	6000 kr.
Vottorð um byggingastig	6000 kr.
Mælingargjald	10.000 kr.

Til máls tóku: ÓJG, HH, RG, EB, DS og GK.

Liður 8 Bréf Sigurðar Kristinssonar. Óli Jón Gunnarsson gerði grein fyrir málinu. Reynir Ragnarsson fyrir hönd Stykkishólmsbæjar hefur náð samkomulagi við Sigurð Krstinsson. Samþykkt með sex atkvæðum, en Davið Sveinsson sat hjá vegna tengsla. Bæjarstjórn fagnar að samkomulag hefur náðst og vill þakka Sigurði Kristinssyni fyrir vel unnin störf. Til máls tóku: HH, RG, DS og DÞ.

Liður 9 a) samþykkt samhljóða að veita Hugrónu Birgisdóttur lóðina að Hjallatanga 12.

Liður 12 samþykktur samhljóða. Til máls tóku: HH, ÓJG, GK og RG

Liður 13 samþykkt samhljóða. Bæjarritari gerði grein fyrir málinu.

Liður 14, bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Bæjarstjórn samþykkir að auglýst verði eftir starfsmanni í heilsársstarf til að sinna æskulýðsmálum. Til máls tóku: DS, RG, HH, ELB og DÞ.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Til máls tóku: HH, RG, DS, ÓJG, DÞ, EB, GK og ELB.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 22.03.2004.

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð afgreidd samhljóða.

2.2. Fundargerð hafnarnefndar, dags. 16.3.2004.

Fundargerð lögð fram.

Fundargerð afgreidd samhljóða. Til máls tóku: GK, DS

2.3. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 16.2.2004.

Fundargerð lögð fram.

Fundargerð afgreidd samhljóða.

2.4. Fundargerðir stýrihóps Staðardagskrár 21, dags. 16.2. og 22.3.2004.

Fundargerðir lagðar fram.

Fundargerðir afgreiddar samhljóða. Til máls tók: DP.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.